

30
14. maí **Bréf atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins til sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu, um sveitfesti styrkþega.**

Borgarstjórinn í Reykjavík hefir áfrýjað til ráðuneytisins úrskurði yðar, herra sýslumaður, dags. 21. desember f. á., sem ákveður að Reykjavíkurborgarstjórn skuli teljast framfærslusveit Sigmundar Þorsteinssonar.

Það er upplýst í máli þessu, að Sigmundur fluttist úr Reykjavík suður til Keflavíkur í maímánuði 1935 og stundaði þar atvinnu þar til hann varð að fara á Vífilsstaðahælið sem sjúklingur þann 13. marz 1936. Þennan tíma bjó Sigmundur í húsinu nr. 25 við Suðurgötu í Keflavík ásamt sambýliskonu sinni, Guðríði Jónsdóttur. Þrátt fyrir ofangreinda dvöl Sigmundar í Keflavík var hann ekki settur þar í manntal, sem tekið var eftir áramót 1936, með því að hann taldi heimilsfang sitt vera í Reykjavík. Hinsvegar hefir Sigmundur verið settur í manntal í Reykjavík og skráður þar til heimilis á Reykjavíkurvegi 17. Um ástæður fyrir því, að hann var settur hér í manntal, upplýsir borgarstjórinn, að þegar manntalsskýrslan fyrir húsið Reykjavíkurveg 17 hafi komið til manntalsskrifstofunnar um mánaðarmótin nóvember—desember 1935, hafi Sigmundur ekki verið skráður í henni. Þann 3. marz 1936 hafi húsráðandi í téðu húsi, Ingvi Loftsson, afhent skrifstofunni flutningstilkynningu um það, að Sigmundur hafi flutt í hús þetta. Skýrsla þessi var tortryggislaust tekin til greina, og Sigmundur settur inn í manntalsskýrsluna og samkvæmt henni var svo lagt á hann útsvar hér í bænnum. Jafnframt upplýsir borgarstjórinn, að kona húsráðandans hafi skýrt svo frá, að Sigmundur hafi ekki dvalið svo mikið sem eina nótt í húsinu, hafi ekki og hafi aldrei haft þar nokkurt húsnæði á leigu, og eigi þar engan hlut geymdan. Framangreindum upplýsingum borgarstjórans í Reykjavík hefir oddviti Keflavíkurbrepps ekki mótmælt.

Samkvæmt þessu verður að telja að heimilsfang Sigmundar í Reykjavík hafi aðeins verið til málamynda og að Keflavíkurbreppur hafi verið heimilissveit hans þegar hann fór á Vífilsstaðahælið þann 13. marz f. á., sbr. 12. gr. og 13. gr. framfærslulaga nr. 135, 1935, og verður því að fella úrskurð yðar úr gildi og skylda Keflavíkurbrepp til þess að annast framfærslu mannsins.

Því úrskurðast:

Sigmundur Þorsteinsson skal teljast sveitlægur í Keflavíkurbreppi frá 1. janúar 1936 að telja.

Þetta tilkynnist yður hér með til frekari birtingar fyrir hreppsnefnd Keflavíkurbrepps.

31
27. maí **Bréf atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins til sýslumannsins í Ísafjarðarsýslu, um sveitfesti styrkþega.**

Oddviti Reykjarfjarðarhrepps hefir áfrýjað til ráðuneytisins úrskurði lögreglustjórans í Reykjavík, dags. 28. september f. á., sem ákveður að sveitfesti styrkþegans Maríu Ásgeirsdóttur skuli vera óbreytt af hinum nýju framfærslulögum nr. 135, 1935, og María því ennþá sveitlæg í Reykjarfjarðarhreppi.

Eins og tekið er fram í hinum áfrýjaða úrskurði, hefir téður styrkþegi dvalið undanfarin ár sem sjúklingur í geðveikrahælinu á Kleppi og var sjúkrahúsvistar-kostnaðurinn greiddur af Reykjarfjarðarhreppi, sem var framfærslusveit styrkþeg-